

#### 14. mál þingsályktunartillaga 141. löggjafarþingi 2012–2013.

Kær viðtakandi,

Með bréfi þessu vil ég benda á möguleika til atvinnusköpunar í ferðaþjónustu.

Þeir ferðamenn sem við viljum helst að heimsæki Ísland eru efnað fólk sem skilur eftir gjaldeyri og skapar atvinnu á landinu. Þessir ferðamenn vilja margir hverjir ekki ferðast um í langferðabifreiðum né rísa jeppum. Það er í flestum tilfellum alger óþarfi að vera á stórum breyttum ökutækjum þegar einungis er keyrt um á malbikuðum þjóðvegum landsins. Ekki er gert ráð fyrir því að ferðamaður geti farið í ferð á smábíl um landið með leiðsögumanni eins og lög og reglugerðir eru á Íslandi í dag.

Óskín um græna ferðamennsku á sparneytnum fjölskyldubílum heyrir æ oftast og það er skrítið til þess að hugsa að ferðamaður getur leigt sér smábíl og keyrt um landið á meðan ökumaður með aukin ökuréttindi (meirapróf) má ekki keyra hann sömu leið á eins bifreið.

Sé tekið mið af því að við viljum fá efnameiri ferðamenn til landsins og minni átroðslu þá þurfum við að mínu mati að opna fyrir þennan möguleika. Þannig munum við einnig fá hina efnameiri til að staldra við lengur, njóta landsins betur og um leið skilja meira eftir.

Við þurfum einnig vel menntaða leiðsögumenn sem eru landi og þjóð til sóma til að sýna landið okkar. Að mínu mati ætti það að vera fyllilega nægilegt að menntaður leiðsögumaður sem hefur aukin ökuréttindi (meirapróf) geti keyrt um landið á fólksbíl með ferðamenn. Þetta er ekki samkeppni við leigubílstjóra, þetta er allt annar hópur viðskiptavina. Leigubílar keyra fólk jafnan frá A til B á meðan Leiðsögumenn fara gjarnan af stað á ákveðnum tíma með sína viðskiptavini og oftast út úr bænum eða A til A. Þeir geta einnig haft í sama bíl fólk sem ekki þekktist. Alveg eins og í stórum rútum en bara minna í sniðum.

Leigubílar liggja nú í röðum á Skarfabakka þegar skemmtiferðaskipin koma að landi. Þessir aðilar bjóða upp á leiðsagðar ferðir. Eru þeir með einhverja leiðsögumenntun? Er einhver trygging fyrir því að þeir séu hæfir til þess að bjóða upp á slíka þjónustu? Ég veit til þess að einhver leigubílastöðvanna hefur hvatt sitt fólk til þess að taka námskeið í leiðsögn en ég efast um að það sé eitthvað í líkingu við það sem er kennt í viðurkenndu námi leiðsögumanna í Leiðsöguskóla Menntaskóla Kópavogs eða í Leiðsögunámi Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Því miður þá eru til þeir leiðsögumenn sem brjóta lögin og keyra fólksbíla með farþegum án leyfis. Lögin eru jafn brotin þótt viðkomandi hafi leyfi til aukinna akstursréttinda eða ekki. Þá held ég að með því að gera kröfur um réttan öryggisbúnað s.s. slökkvitæki og sjúkrakassa í almennri skoðun ökutækis og láta það duga sé betur til þess fallið að auka öryggi ferðamanna. Þessi skoðun gæfi leyfi til fólksflutninga fyrir leiðsögumenn.

Nám leiðsögumanna er viðurkennt af Menntamálaráðuneytinu og þótt svo að það sé ekki lögverndað starfsheiti er vel hægt að gera kröfur um slíkt nám til að fá leyfi á bifreiðar sem veita myndu leyfi til að stunda leiðsagðar ferðir ásamt ferðaskipuleggjanda leyfi frá Ferðamálastofu. Hver eru rökin fyrir því í dag að bílstjóri með aukin ökuréttindi má keyra bifreiðar frá 9 til allt að 70 manns en ekki 3 til 4 farþega? Er þetta ekki tímáskekkja. Leiðsögumaðurinn er ekki og verður líklega aldrei í samkeppni við Leigubílstjóra.

Það sem vinnst með því að gera breytingar á laga og regluhverfi leiðsögumanna með aukin ökuréttindi er:

1. Þeir sem nú þegar eru að leiðsegja á einkabílum sínum munu sjá kostinn við að gera það löglega og í bifreið sérstaklega skoðaðri með tilliti til öryggisþátta s.s. slökkvitækis og sjúkrakassa.
2. Sá sem vinnur löglega vinnu er líklegri til þess að gefa upp tekjur sínar til skatts.
3. Með því að hópferðaleyfi verði gefið út á smærri bifreiðar en 9 manna minnkar slit á vegum.
4. Fjölgun atvinnutækifæra og þróun í ferðaþjónustu.
5. Sér aðlagðar ferðir fyrir ferðamenn allt eftir óskum hans eru jafnan dýrari og skilja því eftir meiri gjaldeyri.

6. Við svörum kröfum nútíma ferðamannsins sem vill ferðast um á "grænni" hátt en er í boði í dag.

Það er því ósk mín að tekið verði tillit til þessara sjónarmiða áður en þingsályktunartillagan verður lögð fyrir Alþingi.

kær kveðja,  
Gunnar Þór.

--

Gunnar Þór Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri og leiðsögumaður